

Sofðu Unga Ástin Mín

Kaleo

Sofðu unga ástin mín
Úti regnið grætur
Mamma geymir gullin þín
Gamlan legg og völuskrín
Við skulum ekki vaka um dimmar nætur

Það er margt sem myrkrið veit
Minn er hugur þrotinn
Oft ég svartan sandinn leit
Svið og grænan engireit
Í jöklinum hljóða dauðar djúpar sprungur

Sofðu lengi sofðu rótt
Seint mun best að vakna
Mæðum kenna mun þér fljótt
Meðan hallar degi skjótt
Mennirnir elska, missa, gráta og sakna

Mennirnir elska, missa, gráta og sakna